

Af hverju norðmenn vilja atkvæðagreiðslu um uppsögn EES samningsins



Höfundur:

[Morten Harper](#)

Morten Harper er rannsóknarstjóri „Nej til EU“ samtakanna norsku. Greinin birtist 10 maí 2017

Þegar Noregur undirritaði samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var okkur sagt frá bæði ESB og ríkisstjórn Verkamannaflokksins á þeim tíma að norskt fullveldi yrði virt. Þess í stað hefur samningurinn - sem gerir Noreg, Ísland og

Liechtenstein að hluta til að innri markaði ESB-, leitt til stjórnarháttanna ESB á nokkrum sviðum.

25 árum síðan í síðustu viku - 2. maí 1992 - var þessi umdeildi EES-samningur undirritaður, áður en þingið samþykkti samninginn um haustið sama ári. Samkomulagið var aldrei tekið til þjóðaratkvæðagreiðslu og í 25 ár er Noregur enn í miðri EES-umræðu sem er ákafari en nokkru sinni fyrr.

Þessi heita umræða er að hluta til vegna Brexit, sem er auðvitað það sem er að breytast í evrópskum stjórnámálum og býður upp á ný tækifæri til að takast á við alþjóðleg viðskipti og samstarf.

Fyrir Noreg er þetta tími til að endurskoða samskipti okkar við ESB, auk þess að þróa tvíhliða viðskiptasambönd við Bretland, helsta útflutningsmarkaðs Noregs.

Mesta áhyggjuefnið eru víkjandi hagsmunir Noregs vegna lagareglna ESB. Evrópska efnahagssvæðið er umdeilt vegna óendanlegs flóðs nýrra lagareglna ESB sem ógnar norrænum vinnumarkaði, kostnaði fyrirtækja í dreifbýli vegna aukinna reglna ESB og fullveldið er flutt til eftirlitsstofnunarinnar EFTA (ESA) og fjölmargra stofnana ESB, svo sem í fjármálagerningum. Samhliða ræður túlkun ESB sáttmálans og annarra ESB / EES reglna sem eru strangari og hafa enn frekari áhrif á norska hagsmunum með víðtækara umfangi.

Kostnaður Noregs af EES samningnum hefur tífoldast frá árinu 1992. Án formlegrar skuldbindingar í samningnum hefur norska ríkisstjórnin aftur og aftur samþykkt að fjármagna stuðningsáætlanir ESB landanna (EES styrki og Noregs styrki). Vegna áætlana ESB (rannsóknir osfrv.) og kostnaðar við EFTA /

EES stofnanir, greiðir Noregur um 650 milljónir punda (um 100 milljarða ISK) á hverju ári til ESB og einstakra ríkja sambandsins.

Nei til ESB birti í síðustu viku skýrslu sem sýnir áhrif EES-samningsins. Nærri 12.000 ESB tilskipanir og reglugerðir hafa verið teknar upp í gegnum EES samninginn, sem hefur breytt norsku samfélagi á ýmsum sviðum, þar á meðal í geirum samfélagsins sem áttu að vera utan samningsins, svo sem í sjávarútvegi og landbúnaði.

EES-samningurinn hefur reynst nákvæmlega eins og samningurinn sem *Nei til ESB* varaði við þegar Noregur gerðist aðili fyrir 25 árum síðan, "greiða, hlýða og þegja"

Í Brexit umræðunni hafa sumir mælt fyrir EES sem val fyrir Bretland, þ.m.t framkvæmdastjórn ESB. Enn kennslustund frá Noregi, eftir reynslu í aldarfjórðung, er sú að í EES er landið ekki fært um að stjórna eigin málum. Og það sem kann að hafa verið ætlað sem tímabundið fyrirkomulag dagaði uppi í áratugi. EES-samningurinn var reyndur gerður til að undirbúa aðild Noregs ESB - sem þjóðin hafnaði síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu 1994.

Við í *Nei til ESB* viljum skipta EES-samningnum út gegn nýjum viðskiptasamningi og krefjumst þjóðaratkvæðagreiðslu um uppsögn EES samningsins. Við erum viss um að það væri betra að eiga viðskipti á jöfnum skilmálum við ESB en að vera samþætt inn í innri markaðinn og "frelsi" þess, frjálsa flæði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafis.

Tvær nýlegar skoðanakannanir, á vegum *Nei til ESB* og framkvæmd af Sentio, staðfestu opinberan stuðning við þessa mikilvægu kröfu. Í fyrsta lagi: Mikill meirihluti hefur áhuga á að segja upp EES-samningnum: 47% eru fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um að Noregur yfirgefi EES, en aðeins 20% hafna slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Norðmenn eru einnig gagnrýnni á EES en áður. Kannanir undanfarin ár hafa sýnt meirihlutastuðning norðmanna við EES, en þetta er nú að breytast. Enn er mikill fjöldi óviss í afstöðu sinni - 46% - en meðal þeirra sem taka þátt, styðja aðeins 23% EES og 31% vilja eiga viðskipti í staðinn. Ef aðeins eru teknir þeir sem tóku afstöðu, er meirihluti gegn veru í EES, næstum 60% á móti 40%.

Mikill meirihluti er á móti ESB, sem hefur verið stöðugt í kringum 70% í nokkur ár. Verkamannaflokkurinn, sem er stærsti stjórnmálaflokkur Noregs, breytti nýlega um afstöðu og hefur hætt við það markmið að koma Noregi inn í ESB. Nú er forsætisráðherra okkar, Erna Solberg, að verða síðust í sínum flokki fylgjandi aðild að ESB. Samstarfsflokkur hennar í ríkisstjórn, Framfaraflokkurinn, er gegn aðild að ESB og vill endursemda um nýjan EES-samning (en vill ekki þjóðaratkvæðagreiðslu um EES).

EES-samningurinn ætti að virða norskt fullveldi og Noregur ætti að geta hafnað þeim reglum sem við ættum ekki hafa. 25 árum síðar er augljóst að Noregur hefur nokkrum sinnum gefið eftir stjórnvaldsákvæði. Réttur Noregs og EFTA-samstarfsaðila okkar til að hafna nýjum ESB lagareglum er í EES-samningnum, en það hefur ávallt verið svæfður. Í nokkurn tíma hafnaði Noregur þriðju pósttilskipunum ESB, en núverandi borgaralega ríkisstjórn dró til baka þá

höfnun. Neitunarákvæði samningsins hafa aldrei verið notað til að tryggja varanlegar undantekningar fyrir Noreg.

Í norsku EES-umræðunni er mikið talað um að nota "rými fyrir innlent frelsi", það er að segja, að finna fyrirkomulag til að sniðganga eða draga úr neikvæðum áhrifum regluverks ESB. Þetta segir eitthvað um hve mótsagnakenndur og óskynsamlegur EES-samningurinn hefur reynst vera.

Lykilatriði í nýju skýrslunni "25 ár í EES", er hvernig EES-samningurinn veldur einkum skaða á norska atvinnulífinu. EES skýrslan sýnir hvernig norsk lög, kjarasamningar og ILO-samningar (Alþjóðavinnumálastofnunin) víkja fyrir reglum ESB / EES.

Í umdeildum úrskurði í lok síðasta árs fylgdi Hæstiréttur ráðgjöf EFTA-dómstólsins og setti reglur ESB um frelsi fyrirtækja framár rétti verkamanna og ákvæði 137 Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar um hafnarverkamenn Nokkur verkalýðsfélag krefjast nú að Noregur yfirgefi EEA.

Noregur er mikil framleiðandi orku. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill tengja Noreg eins náíð og unnt er við ESB-orkukerfið og stefnir að fimmta frelsinu: frjálsu orkaflæði. Meirihluti ESB orkulöggjafarinnar er talinn falla undir Evrópska efnahagssvæðið og gerir því samninginn að verkfæri ESB til að samþætta Noreg í orkukerfið.

Nánast ekkert hefur meiri þýðingu fyrir norskan iðnað en langtíma aðgengi að raforku á samkeppnishæfu verði. Sífelld meiri útflutningur rafmagns til meginlandsins og Bretlands getur leitt til þess að Noregur þurfi að greiða hærra

raforkuverð fyrir sín not. Aðeins við þjóðarorkakreppu getur Noregur komið í veg fyrir útflutning raforku. Að öðru leyti stjórnast allt af samkeppnisreglum ESB / EES.

Stuðningsmenn EES styðjast enn við sama hræðsluáróðurinn og árið 1992: að við verðum að hafa EES-samning um að selja vörur til ESB. Þessi áróður var mjög villandi árið 1992 - og er það enn í dag. Norski iðnaðurinn hafði frjálsan aðgang að öllum útflutningi til Evrópusambandsins fyrir EES - og þessi fríverslunarsamningur myndi enn gilda ef EES-samningurinn yrði sagt upp. Reyndar fór stærri hluti útflutnings til ESB landa (þá EU12) fyrir EES samninginn en raunin er í dag. Ef eitthvað, sýnir þetta greinilega að EES-samningurinn er ekki forsenda fyrir viðskiptum við ESB.

Meira en 150 löndum utan hins sameiginlega markaðs selja vörur til ESB. Ekkert þeirra þarf að breyta löggjöf sinni eða gefa eftir fullveldi til að selja vörur sínar til ESB. Þetta á einungis við um Noreg, Ísland og Liechtenstein og það er þessi undirgefni fyrir ESB-löggjöfinni sem gerir EES-samninginn svo óþolandi. 25 ár í EES hefur verið meira en nóg.